

Ár 2024, mánudaginn 13. apríl 2024, er dómþing Áfrýjunardómstóls Íþróttar- og Olympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Helga Sigurðssyni dómsforseta

Fyrir er tekið mál nr. 2/2024

Sigurgeir Guðmundsson

gegn

Skotíþróttafélagi Kópavogs

Kæra, merkt sem dómskjal nr. 1 liggur frammi í málinu, auk úrskurðar dómstóls ÍSÍ frá 3. apríl sl.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR

Málið var höfðað með kæru af Sigurgeiri Guðmundssyni kt. 090857-4019. Kærði er Skotíþróttafélagi Kópavogs.

Kæran var móttokin af skrifstofu ÍSÍ þann 8. apríl 2024. Undirritaður dómsforseti tekur málið til meðferðar á grundvelli greinar 27.2. og 27.3. í lögum ÍSÍ sbr. grein 36.3.

Dómkröfur kæranda voru eftirfarandi: „Að stjórnarkjör „Aðalfundar“ þann 26.2.24 verði dæmt ógilt og stjórnarkjör fari fram samkvæmt lögum félagsins.“

Eins og rakið er í úrskurði dómstóls ÍSÍ frá 3. apríl sl. snýr kæran að atviki sem gerðist á aðalfundi hinna kærðu samtaka þann 26.2. s.l. Í forsendum hins kærða úrskurðar er vísað til þess að kæran uppfylli ekki skilyrði greinar 24.1. um kærufrest í lögum ÍSÍ sbr. grein 27.3 í sömu lögum og var henni vísað frá dómi.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

### Úrskurðarorð

Staðfestur er úrskurður dómstóls Íþróttar- og Olympíusambands Íslands um að vísa þessu máli frá dómi.

